

Virðist hér ekki verða komizt hjá að álykta, að fyrri málsgrein 6. greinar eigi einvörðungu við þær kröfur, sem dómur hafi ekki gengið um, og að aðeins, að því er þeim kröfum viðvíkur, megi slíta fyrningu með þar greindum athöfnum, en um hinar dæmdu kröfur eigi þessi regla ekki við, þannig að viðurkenning eða eftir atvikum greiðsla hafi engin áhrif til fyrningarslita.

Í samræmi við framanritað þykir verða að synja um fjárnám samkvæmt dómi þeim, sem liggur fyrir í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. nóvember 1965.

Nr. 130/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurði Kristjáni Kristinssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og sakavottorð ákærða ber með sér og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var ákærði í sakadómi Reykjavíkur hinn 28. júlí 1964 dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, en brot þetta framdi hann hinn 30. desember 1961. Refsingu ákærða fyrir brot það, sem hann nú er saksóttur fyrir, ber því að ákveða með hliðsjón af 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Kristján Kristinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1965.

Ár 1965, föstudaginn 28. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í sakadómi Reykjavíkur af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2899/1965: Ákærvaldið gegn Sigurði Kristjáni Kristinssyni, sem tekid var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 5. maí s.l., gegn Sigurði Kristjáni Kristinssyni verkamanni, Hverfisgötu 83, hér í borg, fæddum 16. janúar 1930 í Reykjavík,

„fyrir skjalafals, með því að fara fimmtudagskvöldið 7. nóvember 1963 inn í verzlun á Laugavegi 72 í Reykjavík með tékk-ávísun, A Nr. 7220, kr. 3.300.00, á bók nr. 3227 í Verzlunarsparisjóðnum, útgefna 4. nóvember 1963 af Sigurði Sveinssyni, kaupa í verzluninni eina pakkalengju af vindlingum og greiða hana með ávísuninni og fá mismun verðs vindlinganna og ávísunarfjárhæðarinnar greiddan í peningum, rúmar kr. 3.000.00, en sem framseljanda á ávísunina falsaði hann nafnið Jón Gíslason, Bergþ. 27.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Fimmtudagskvöldið 8. nóvember 1963 kom ákærði inn í verzlun að Laugavegi 72. Hann keypti þar eina pakkalengju af sigar-ettum og greiddi þær með 3.300 króna tékka, útgefnum 4. nóv-

ember 1963 á inneign í bók nr. 3227 í Verzlunarbanka Íslands h/f af Sigurði Sveinssyni. Eigandi verzlunarinnar, Rakel Loftsdóttir, féllst á að taka við tékkanum, og fékk ákærði mismun tékkafjárhæðarinnar og verðs vindlinganna greiddan í peningum. Tékkinn er gefinn út til handhafa, en framseldur af Jóni Gíslasyni, Bergþ. 27.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi tekið við tékkanum af útgefanda hans, Sigurði Sveinssyni, sem hann hafi hitt af hendingu sama dag. Hafi þeir verið saman við drykkju. Sigurður hafi fengið sér tékkann fullritaðan og beðið sig að selja hann. Ákærði kvaðst hafa ritað sjálfur nafnið Jón Gíslason, Bergþ. 27, aftan á tékkann, áður en hann fór inn í verzlunina. Ekki skýrir hann það tiltæki með öðru en því, að hann hafi verið drukkinn. Hann kveðst hafa afhent Sigurði peningana, en hann kveðst sjálfur hafa haldið sígarettunum.

Sigurður Sveinsson, sem kom fyrir dóm sem kærður við dómsrannsókn, skýrir svo frá, að hann hafi ritað umræddan tékka, nema framsalið. Hann telur, að hann hafi gert það í því skyni að fá lán út á hann hjá kunningja sínum og verið búinn að leysa tékkann til sín aftur. Sigurður kveðst ekki vita, hvernig tékkinn hafi komið í vörslur ákærða. Sigurður kveðst hafa verið mjög ölvaður daginn, sem tékkinn var seldur. Hann virðist þó muna til þess, að hann hafi hitt ákærða, og kveðst hann hafa tekið upp peninga og fengið ákærða til að kaupa sígarettur. Þetta hafi gerzt á Skólavörðustíg, en ekki man Sigurður, hvar hann hitti ákærða. Sigurður minnst þess ekki, að hann hafi fengið peninga þá, sem inn komu fyrir tékkann.

Nefndum ávísanareikningi Sigurðar hafði verið lokað fyrir mörgum árum (1957). Við rannsókn málsins greiddi Sigurður tékkafjárhæðina að fullu.

Vitnið Rakel Loftsdóttir segir, að ákærði hafi fullyrt, að tékkinn væri kaupgreiðsla til hans og hann hefði orðið of seinn til borgarinnar frá Keflavík, til þess að hann næði í banka. Hafi ákærði talað svo um fyrir henni, að hún hafi látið til leiðast að kaupa tékkann. Hún hafi beðið ákærða að rita nafn sitt á tékkann, og hafi hann þá framselt tékkann á þann hátt, sem áður greinir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er sannað, að ákærði hefur notað skjal með falsaðri nafnritun til þess að blekkja í lögskiptum, og varðar atferli þetta við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum refsidómum:

- 1947 14/5 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað o. fl.
 — 14/6 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og gripdeild.
 1948 14/5 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað o. fl. Hæstaréttardómur í því máli 16. maí 1949: 8 mánaða fangelsi.
 — 20/7 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld o. fl.
 — 18/9 10 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld o. fl.
 — 12/10 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaganna. Hæstaréttardómur í því máli 8. apríl 1949: Sama niðurstaða.
 1950 2/9 1 árs fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals.
 1952 12/2 1 árs fangelsi fyrir þjófnað.
 1953 14/8 2 ára fangelsi fyrir rán, þjófnað o. fl.
 1955 9/3 15 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld, brot gegn 110. gr. hegningarlaganna o. fl.
 1958 15/8 30 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot.
 1961 9/10 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
 1964 28/7 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals.

Auk þess hefur ákærði 7 sinnum sætt á greiðslu sekta.

Með hliðsjón af ofangreindum ferli ákærða, sem hefur áður verið dæmdur 13 sinnum til refsivistar í samtals 110 mánuði, þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Kristján Kristinsson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.